

**Ed.**

**173. Nefndarálit**

**[76. mál]**

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá 1. minni hl. samgöngumálanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að hækka benzínskatt um 90 aura á lítra og þunga-skatt á dísilbifreiðar nokkru meira hlutfallslega. Árleg upphæð þessarar skatta-hækkunar er áætluð um 64 millj. kr., en á næsta ári munu tekjur þær, sem koma til skila vegna hækkunarinnar, nema rösklega 56 millj. kr. Samtímis flutningi þessa frv. er svo lagt til að fella niður áður lögtekið framlag ríkissjóðs til vegamálanna að upphæð 47 millj. kr. Ef tillit er tekið til síhækkandi framkvæmdakostnaðar við vegagerð og beinna hækkunaráhrifa, sem þetta frv., ef samþykkt verður, hefur á þennan framkvæmdakostnað, er auðsætt, að hér er síður en svo um að ræða, að aukið sé framkvæmdafjármagn til vegamálanna. Hér er því einvörðungu um það að ræða að skattleggja umferðina í þágu ríkissjóðs um nokkrar tugmilljónir króna til viðbótar þeim álögum, sem þegar eru á hana lagðar til almennra þarfa ríkis-sjóðs. Er hér á ferðinni einn þáttur þeirrar margþættu handahófsskattlagningar, sem ríkisstjórnin hyggst fleyta ríkissjóði á yfir næsta fjárlagaár og enn er ekki séð fyrir enda á, hve fjölþkrúðug verður.

Enginn vafi er á geysilegri þörf á mikilli aukningu fjárveitinga til vegafra-mkvæmda í landinu. Á því sviði þarf að koma til gerbylting á næstu árum, ef hið úrelta og ófullkomna vegakerfi á ekki að verða bein hindrun fyrir eðlilega þróun atvinnulífs, framfarir á fjölmörgum sviðum og verndun byggðajafnvægis. Eðlilegasta leiðin til þess, að mögulegt reynist að gera það átak, sem hér þarf að koma til, virð-ist sú, að ríkissjóður afsali sér verulegum hluta af þeim tekjum, sem hann nú hefur af umferðinni með aðflutningsgjöldum, leyfisgjöldum o. fl., og að þeim verði ráð-stafað til vegamálanna. Að því leyti sem þessi leið kynni að reynast ófullnægjandi, kæmu síðan til greina aukin gjöld á umferðina í einhverju formi.

Meðan ástand vegamála er slíkt sem það nú er, virðist fá skattheimta óeðlilegri en sú að hækka álögur á umferðina í þágu annarra þarfa en hennar. En það er einmitt sú aðferð, sem ríkisstjórnin nú hyggst beita í ráðleysi sínu við að ráða fram úr fjárhagsvanda ríkissjóðs, sem skapast hefur fyrir verðbólguþefnu hennar.

Undirritaður er þeirrar skoðunar, að sú hækkun benzínverðs, sem hér er um að ræða, gæti komið til álita, ef um væri að ræða fjáröflun til myndarlegra átaka í vegamálunum, en telur hana fráleita, eins og nú er að málum staðið, og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 13. des. 1965.

Björn Jónsson.